


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 103 Námsáætlun vorönn 2017</b>	

<b>Kennari</b>	Halldór Torfi Torfason	<b>Sk.st.</b>	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriðin í lestri byggingauppráttar og fá þjálfun í að teikna verkstæðisunna byggingarhluta með áherslu á glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga. Fjallað er um muninn á aðal- og séruppdráttum, mælikvarða þeirra, tilgang og einkenni. Gerð er grein fyrir hönnunarforsendum í byggingarreglugerð, stöðlum, verklýsingum og lögð áhersla á að þjálfa notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast verkstæðisunnum byggingarhlutum úr tré og tréefnum. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í gerð rissteikninga við útfærslur deililausna og geri einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkupplýsinga. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmíðum og byggist aðallega á verkefnavinnu og útskýringum og umfjöllun kennara eftir því sem þörf er á. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð við upplýsingaleit og gagnaúrvinnslu.


### Áfangamarkmið

Nemandi

- læri um verkstæðisunna byggingarhluta úr tré og helstu útfærslur þeirra
- þekki ákvæði reglugerða um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki íslenska staðla um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna álags og einangrunar
- þekki stöðluð mál á gluggum, hurðum, innréttingum og tréstigum
- geti stuðst við Rb-blöð í upplýsingaleit og við gerð teikninga
- geti lesið og unnið með teikningar af verkstæðisunnum byggingarhlutum
- þekki allar gerðir uppdráttar og teikninga og öll almenn teiknitákn
- þekki fagheiti í glugga-, hurða-, innréttinga- og stigateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
- geti gert einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
- geti rissað og teiknað einfalda glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki reglur um blaðstærðir, mælikvarða og teikniáhöld
- þekki teikniaðferðir og teiknireglur fyrir verkstæðisunna byggingarhluta
- geti gert rissmyndir og eftir atvikum notað fjarvidd til að sýna rýmisútfærslur
- geti gert séruppdrætti og sýnt deililausnir með tilheyrandi vikmálum

### Efnisatriði/kjarnahugtök

Aðalskipulag, deiliskipulag, hönnunargögn, aðaluppdrættir, séruppdrættir, byggingaupprættir, innréttingaupprættir, deiliteikningar, deililausnir, sneiðingar, byggingarreglugerð, íslenskir staðlar, Rb-blöð, verklýsingar, fagheiti, teiknitákn, gluggar, hurðir, innréttingar, innréttingar, skápar, tréstigar, stigahandrið.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Teikningar og verklýsingar í húsasmíði</b>	
	<b>TEH 103</b>	
	<b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	

### Námsefni:

Teiknuð verða þau verkefni sem kennara þykja við hæfi á hverjum tíma.

Vinna verður með svipuðu móti og í TEH 203, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma. Meiri áhersla verður lögð á verkefnaskil og frágang verkefna en í TEH 203. Sjálfstæði nemenda og vinnubrögð verða metin til einkunnar.

Teiknaðir verða gluggar og samsetningar þeirra, gluggar, útihurðir og eldhúsinnrétting í sumarhús VMA. Kennnd verður í teikning snúinna stiga, ásamt reglum, reikningum og aðferðum sem nota þarf við þá vinnu.

### Áætlun um yfirferð:

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Vika	Námsefni	Vægi
1 – 3	Gluggar – Útlit, prófílar og heiti samkvæmt staðli	10%
3 – 6	Gluggar í sumarhús VMA – Útlit, prófílar, smíði og samsetningar	30%
6 – 8	Útihurðir í sumarhús VMA – Útlit, prófílar, smíði og samsetningar	20%
9 – 11	Innréttingar – Eldhúsinnrétting í sumarhús VMA	20%
12 – 17	Stigar – Snúnir steypfir stigar, teikningar, reglur og reikningar	20% (10%+10%)
17 – 18	Frágangur og prentun (heppilegra væri að dreifa prentun yfir önnina)	
<b>Samtals</b>		<b>100%</b>

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

### Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar.

Verkefnum skal skila útprentuðum fyrir 5. maí 2017.

### Námsefni:

Gluggar og hurðir, IÐNÚ 2004


Stigar, IÐNÚ 2013

Ljósrit frá kennara og efni annarra faggreina, t.d. GLU104 og INR106

### Ath:

**Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma**

Dagsetning: 6. janúar 2017

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils